

hólum, þá ber eptir kröfu áfrýjandans að dæma öll skiptin á tjeðu búi og uppboðið 15. maí 1883, að því er snertir umgetna jarðarsölu, ómerkt, og að skylda skiptaráðandann til að taka búið til nýrrar og löglegri meðferðar, þannig, að erfingjunum veitist færi á að njóta rjettinda þeirra, sem þeim eru heimil- uð í skiptalögunum, og ber skiptaráðandanum því að setja búið í það ástand, sem það var í áður en opt nefnd jarðarhundruð voru seld. Með því málinu er áfrýjað með uppreisn, virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða skiptagjörð og uppboð 15. maí 1883, að því leyti sem því er áfrýjað, eiga ó- merk að vera, og ber skiptaráðandanum að taka búið til nýrra og löglegri skipta, og setja það í það ástand, sem það var í, áður en upp- boð þetta fór fram. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. aprílmán.

Nr. 45/1884

Þórður sýslumaður Guðmundsson  
gegn  
Eigendum Stórahrauns, Einari  
kaupmanni Jónssyni á Skúmstöð-  
um og Þórði hreppstjóra Pálssyni  
í Brattsholti.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði fyrir merkjadómi

Árnessýslu, af eigendum Stórahrauns, Einari kaupmanni Jónssyni á Skúmstöðum, og Þórði hreppstjóra Pálssyni í Brattsholti, gegn Þórði sýslumanni Guðmundssyni sem eiganda Litlahrauns, og var dómur kveðinn upp í því máli fyrir merkjadómi Árnessýslu að Gerðiskoti 28. júlímán. f. á. með þeim úrslitum, að Stórahrauns eigendum tilheyri allur reki víðar og sjáfardýra og annars, sem fjemætt kynni að reka á fjörustykkinu frá Markahellu að vestan til Gálgakletta að austan, en Litlahrauni aðeins fjöruávextir, og að verjandinn, Þórður sýslumaður Guðmundsson, eigi að borga sækjendunum málskostnað með 147 kr. 23 a. Þessum dómi hefur Þórður sýslumaður Guðmundsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 24. nóvbr. f. á., og krafizt, að merkjadómurinn verði ónýttur og alveg úr gildi felldur, og að hinir stefndu eigendur Stórahrauns verði dæmdir til að borga áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu, en hinir stefndu hafa krafizt, að krafa mótpartsins verði ekki tekin til greina, og að hann verði dæmdur til að borga þeim hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Merkjadómsgjörðirnar bera með sjer, að eigendur Stórahrauns hafi aldrei undir þessu máli farið því fram, að sjer yrði dæmdur rekarjettur á tilteknu svæði með ákveðnum merkjum, heldur hafa þeir, bæði í kærnu sinni til sáttanefndar og í stefnu sinni til merkjadóms og í sóknarskjölum sínum í hjeraði krafizt þess, að Litlahrauni yrði fráðæmdur allur rjettur til trjáreka eða nokkurs þess fjemæts, sem bera kann upp á fjörunar fyrir Hrauns landi öðru en fjöruávöxtum, og því, sem í fjörunni sprettur, en örnefnin

Markahella og Gálgaklettar hafa þeir hvergi nefnt a nafn í sóknarskjölum sínum í hjeradi, eins og þau heldur ekki eru tilgreind á hinum framlagða og samþykta afstöðuuppdrætti, enda er ekkert komið fram um það undir málinu, hvort eigendur aðliggjandi jarða að vestan og austan samþykkja rekamörk þau, sem ákveðin eru í merkjadómnum. Í annan stað er svo fyrirskipað í landamerkjalogum 17. marz 1882, 14. gr., að borgunin til dómenda skuli ákveðin í merkjadómnum, sem og, hver eða hverjir skuli greiða hana, en í hinum áfrýjaða merkjadómi hefur þessa ekki verið gætt, en aptur er áfrýjandanum gjört að greiða hinum stefnda í málskostnað 147 kr. 23 a., án þess að sjæð verði, hvort borgunin til dómendanna sje fólgin í þessari upphæð, nje heldur á hverju það er byggt, að dæma svo mikla málskostnaðarupphæð á hendur áfrýjandanum.

Eptir áður sögðu er í hinum áfrýjaða merkjadómi lokið dómsorði á annað en það, sem lagt hefur verið til sátta, og krafizt hefur verið af sóknaraðilum í hjeradi, eins og líka ákvæði hans um málskostnað ekki eru lögum samkvæm, og ber því ex officio að ónýta merkjadóminn og vísa málinu heim aptur.

Eptir þessum úrslitum í sambandi við það, hvernig málið er sókt fyrir yfirdóminum, fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á ómerkur að vera. Malskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.